

# Þjóðfélagsfræði 10. bekkur

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir; Guðlaugur Viðar  
Valdimarsson

10

## Markmið:

Að nemendur geti

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra og útskýrt hvernig sjálfsmýnd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu
- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum,
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga,
- vegið og metið áhrif fyrirmýnda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt,
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, og sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum,
- tileinkað sér virðingu fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs,
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis og greint hvernig stjórnámál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga,
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins,
- fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars,
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

## Námsefni:

Garðar Gíslason. Á ferð um samfélagið.

Efni frá kennara.

## Kennsluaðferðir:

26. ágúst - 30. ágúst

Hvað er samfélag?

- a. Samfélagsfræði og þjóðfélagsfræði
- b. Hvað er samfélag?
- c. Hlutverk samfélaga
- d. Náms- og starfsval drengja og stúlkna

2. september - 4. október

Mannréttiindi og mikilvæg hugtök

Þjóðfélagsfræði bls. 154-171

Verkefni bls. 170 (skilgreining hugtaka)

Myndefni: yfirlit um mikilvæg mannréttindi

Hópavinna um mannréttindi í tengslum við Erasmus verkefni

7. - 18. október

Sinn er siður

a. Skráð og óskráð viðmið/formleg og óformleg viðmið

b. Félagsfræðileg tilraun

c. Félagslegt taumhald (formlegt og óformlegt)

d. Yano fólkið í S-Ameríku

21. október - 1. nóvember

Félagsmótun

a. Félagsmótun

b. Staða og hlutverk

c. Frummótun og síðmótun

d. Félagsmótunaraðilar

e. Fjölmíðlar

4. - 15. nóvember

Fjölskyldan

a. Fjölskyldan og fjölskyldugerðir

b. Skilnaðir

c. Hlutverk fjölskyldunnar

d. Yano fólkið og tíbeskar fjölskyldur

18. - 22. nóvember

Vinna og framleiðsla

a. Vinnan og starfsævin

b. Sérhæfður vinnumarkaður

c. Íslenska bændasamfélagið

d. Frumvinnslu-, úrvinnslu og þjónustugreinar

25. nóvember - 6. desember

Stjórnsmál

a. Stjórnsmál og lýðræði

b. Þrjúgreining ríkisvaldsins

c. Stjórnarskrá

d. Stjórnmalaflokkar og þingræði

9. - 20. desember

Viðmið og frávik

a. Viðmið og frávik

b. Afbrot

c. Réttakerfið og dómstólar

d. Fangelsi

e. Dauðarefsingar

**Námsmat:**

Verkefni og símat.

### Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.
- Brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegun og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.

### Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu.
- Beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.

### Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.
- Notað sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda og verið meðvitaður um siðferðislegt gildi ábyrgrar netnotkunar og tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.

### Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.

### Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri.

### Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.


- Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.
- Greint hvernig stjórnsmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn.

### Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Rökrætt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmýnd.

### Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Félagshæfni - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- Útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttisýnum hátt.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

 Garðar Gíslason. Á ferð um samfélagið.